



Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Nr. 02/2023

Reykjavík, 8.3.2023

Málsnúmer: 2023030075

Efni:

Leanbody ehf., að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur innkallað frá neytendum fæðubótarefnið **Ashwagandha KSM-66** frá **CNP**.

Ástæða innköllunar:

Fæðubótarefnið inniheldur 1000 mg af ashwagandha (*Withania somnifera*) ekstrakti í ráðlögðum daglegum neysluskammti og fer yfir mörk sem Matvælastofnun telur örugg til neyslu en þau eru 450 mg á dag.

Hver er hættan?

Matvæli sem innihalda ashwagandha ekstrakt yfir mörkum eru ekki örugg og geta verið heilsuspillandi.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: **CNP**

Vöruheiti: **Ashwagandha KSM-66 Ashwagandha**

Geymslupól: **Best fyrir** Dagsetning: **Allar best fyrir dagsetningar**

Strikamerki: **5060547312047**

Framleiðandi: **CNP Professional Unit 11**

Framleiðsluland: **Bretland**

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru:

Leanbody ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík í samstarfi við Parlogis.

Dreifing:

Varan var einungis seld í verslun Leanbody ehf., Álfheimum 74 (Glæsibæ).

Leiðbeiningar til neytenda:

Neytendur sem eiga umrædda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga en einnig er hægt að skila henni í verslun Leanbody ehf., Glæsibæ.



Nánari upplýsingar um innköllun:

Nánari upplýsingar veitir Agnes Gestsdóttir hjá Leanbody ehf. í síma 896 0033 eða í gegnum netfangið agnes[hja]leanbody.is.

Mynd(-ir):

